

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

776. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 7. janúar 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Bréf Skipulagsstofnunar.
3. Erindi Reykjahöfða ehf.
4. Ársreikningur Sjálfseignarstofnunarinnar Hjarðhaga 2011.
5. Bréf Umhverfisstofnunar.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um viðhaldsmál hitaveitu og vatnsveitu, snjómokstur, ýmis viðhaldsmálefni m.a. í húsnæði grunnskólans á Borðeyri, íþróttamiðstöð o.fl.
2. Fram lagt til kynningar bréf Skipulagsstofnunar þar sem tilkynnt er um staðfestingu stofnunarinnar á breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 í landi Melstaðar í Miðfirði. Í bréfinu er bent á að við umfjöllun um deiliskipulag á sama svæði þarf að afla umsagna frá Veðurstofu Íslands, Fiskistofu og Umhverfisstofnun.
3. Erindi Reykjahöfða ehf. lagt fram. Í erindinu er óskað heimildar til að setja upp þjónustuskilti á Hvammstanga sem vísa að smáhýsum félagsins í Kirkjuhvammi. Samþykkt að vísa erindinu til skipulags- og umhverfisráðs.
4. Ársreikningur Sjálfseignarstofnunarinnar Hjarðhaga fyrir árið 2011 lagður fram til kynningar.
5. Til kynningar lagt fram bréf Umhverfisstofnunar þar sem fram kemur að endurgreiðsla vegna minkaveiða á tímabilinu 1. september 2011 – 31. ágúst 2012 er alls kr. 502.134- Samþykkt að taka á dagskrá:
6. Fram lagt erindi Grettistaks ses. þar sem óskað er heimildar til uppsetningar tveggja vegvísa að gönguleið og fræðsluskiltis á umræddri gönguleið á Löngufit á Laugarbakka. Samþykkt að vísa erindinu til skipulags- og umhverfisráðs.
7. Fram lögð umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir efnisnámu í landi Skarðs á Vatnsnesi. Um er að ræða nýja námu þar sem ráðgert er að taka um 5000 m³ af steinefni sem verður mulið og notað í efra burðarlag og slitlag á kafla Vatnsnesvegjar frá Hvammstanga að Grímsá. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á árinu 2013 en í síðasta lagi á árinu 2014. Samþykkt að vísa erindinu til skipulags- og umhverfisráðs.
8. Fram lagt kauptilboð í íbúðarhúsið Brekkubæ á Borðeyri frá Kristínu Árnadóttur og Einari H. Esrasyni, kr. 5.750.000- Byggðarráð felur sveitarstjóra að gera tilboðsaðilum gagnatilboð.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl:16:15

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán E. Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.